



## Frumvarp til fjáráukalaga – númer tvö á þessu ári

Líkt og í öðrum löndum er ríkissjóður Íslands kominn í aðalhlutverk í efnahags- og atvinnulífinu. Hér á landi var hlutfall samneyslu og opinberrar fjárfestingar 27,8% af landsframleiðslu í fyrra, samkvæmt fyrstu tölum Hagstofunnar, og hefur ekki verið hærra síðan á árunum 2008-10.

Frá aldamótum hefur þetta hlutfall að meðaltali verið 27,6%. Miðað við stöðuna í dag munu umsvif hins opinbera í efnahagslífinu aukast mikið og mögulega verða meiri en nokkurn tíma áður.

Það er alveg ljóst að afkoma ríkissjóðs mun versna verulega á þessu ári og að hallinn gæti orðið mun meiri en var í kjölfar hruns bankakerfisins haustið 2008.


### Hvernig verður snúið til baka?

Það er stór spurning hvernig verður síðan undið ofan af verulegri íhlutun hins opinbera, fyrst og fremst ríkissjóðs, í efnahagslífinu. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að það eru auðvitað takmörk fyrir því hve stórt hlutverk ríkisfjármálin geti leikið til lengri tíma þannig að staðan sé sjálfbær. Auðvitað er staðan á fjármálamörkuðum þannig nú að ríkissjóðir hinna ýmsu landa geta tekið stórar upphæðir að láni á mjög hagstæðum kjörum og seðlabankar tekið virkan þátt í að auðvelda aukningu ríkisútgjalda.

Auðvitað kemur einhvern tíma að skuldadögum og áður en til þess kemur þarf að hefja brúun á gríðarlegu ósamræmi tekna og útgjalda ríkissjóða sem skapast á næstu mánuðum eða jafnvel misserum. Ríkissjóður Íslands hefur sem betur fer notað gott árferði á síðustu árum til þess að lækka skuldastöðu sína þannig að hann er þokkalega vel í stakk búinn til þess að leika stórt hlutverk í að milda höggið sem þjóðarbúið er að lenda í. Því til viðbótar hefur hlutur hins opinbera í landsframleiðslunni allra síðustu ár verið minni en oft áður.


Alþingi hefur nú þegar veitt greiðsluheimildir fyrir atvinnuleysisbótum samhliða skertu starfshlutfalli,

Samneysla og opinber fjárfesting - hlutfall af VLF



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisskuldabréfa



Vikuleg gögn, seinasta dagsetning 24.4. 2020  
Heimild: Seðlabanki Ísland, Kodiak



og greiðslum vegna launataps einstaklinga sem sæta sóttkví. Þá hafa verið veittar heimildir til frestunar á skattgreiðslum og veitingu ábyrgða ríkisins á hluta lána til fyrirtækja í greiðsluvanda. Þá er einnig unnið að miklu fjárfestingarátaki og markaðsátaki í ferðaþjónustu.

### Eitt fjárukafrumvarp til viðbótar

Í síðustu viku var lagt til nýtt frumvarp til fjárukalaga ásamt sérstökum frumvörpum um ráðstafanir í ríkisfjármálum, sem snúa m.a. að skattamálum, stuðningi við nýsköpunarfyrirtæki, ráðstöfunum sem varða fjárstuðning til rekstraraðila og sérstökum rekstrarstuðningi til einkarekinna fjölmiðla. Markmið þessara tillagna var sagt vera að gera fyrirtækjum og heimilum betur kleift að halda í horfinu þar til útbreiðsla veirusjúkdómsins hefur verið stöðvuð. Viðtökur við þessum tillögum voru blendnar og fannst mörgum sem mun meira þyrfti til.

Þriðjudaginn 28. apríl kynnti ríkisstjórnin svo fleiri aðgerðir sem ætlað er að mæta vanda þeirra fyrirtækja sem hafa orðið fyrir nær algerum tekjubresti vegna kórónukreppunnar. Þar var um að ræða framlengingu hlutabótaleiðar, einföldun reglna um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja og möguleika fyrirtækja til þess að sækja um stuðning úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti. Þessar tillögur mæltust vel fyrir meðal talsmanna atvinnulífs og fyrirtækja. Enn á þó eftir að leggja fram frumvörp og nánari útfærslur á grundvelli þessara tillagna.


### Enn mikil óvissa framundan

Sífelld fleiri vísbendingar eru um að samdrátturinn í efnahagslífinu verði dýpri og langvinnari en vonað var í fyrstu. Innlend eftirspurn hefur dregist hratt og mikið saman og tekjufallið í ferðaþjónustu verður mikið og langvinnt.

Fleiri fjárukalagafrumvörp verða þannig lögð fram í ár og jafnvel fleiri en eitt. Augljóst er að Alþingi þarf samþykka frekari fjárheimildir, t.d. verða útgjöld Atvinnuleysistryggingasjóðs á árinu mun meiri en reiknað var með fyrir örfáum vikum.


Efni nýja frumvarpsins um fjárukalög er tvíþætt. Í fyrsta lagi heimild til að leita samninga við

### Skuldir hins opinbera án lífeyrisskuldbindinga




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

### Áætluð afkoma ríkissjóðs eftir samþykkt tveggja fjárukalaga



Heimild: Alþingi

### Útgjaldaheimildir ríkissjóðs fyrir 2020



Heimild: Alþingi



Seðlabanka Íslands um að bankinn annist umsjáslu vegna ábyrgða ríkissjóðs vegna lána til fyrirtækja. Í öðru lagi eru lagðar til auknar fjárheimildir sem nema rúmum 13,2 ma.kr. Þá hafa fjárheimildir hækkað um 39 ma.kr. frá því að fjárlög fyrir árið 2020 voru samþykkt í nóvember sl.

### ***Umfang aðgerða er ekki sama og útgjöld***

Í umræðunni um aðgerðir ríkisstjórnarinnar er oft bent á umfang aðgerða, t.d. var sagt að umfang fyrsta aðgerðapakks væri um 230 ma.kr. og aðgerðapakka tvö um 60 ma.kr. Auknar samþykktar útgjaldaheimildir ríkissjóðs vegna núverandi aðstæðna nema hins vegar „aðeins“ 39 ma.kr. verði ný fjárukalög í samræmi við frumvarpið. Þetta er um 3,9% aukning miðað við fjárlög. Miðað við þessar tölur yrði halli ársins um 50 ma.kr. sem er ekki nálægt þeim halla sem rætt er um að verði á ríkissjóði í ár. Í því sambandi hafa tölur á bilinu 250-300 ma.kr. verið nefndar.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. ([hagfraedideild@landsbankinn.is](mailto:hagfraedideild@landsbankinn.is)) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.